

## T I L L A G A

### **að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.**

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

#### 1. gr.

Við 13. gr. starfsreglnanna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Forsætisnefnd metur hvort mál er þingtækt. Skal sérstaklega litið til þess hvort mál eigi undir valdsvið kirkjuþings og eins hvort mál hafi fengið umfjöllun eða úrlausn biskups, kirkjuráðs eða annarra aðila sem mál kann að varða. Þá metur forsætisnefnd hvort mál hafi fengið nægilega kynningu og samráð innan kirkjunnar eða fyrir öðrum sem málið kann að varða, þannig að um það megi fjalla. Forsætisnefnd gætir þess að kostnaðaráætlun máls sé raunhæf. Forsætisnefnd gefur kost á því að úr annmörkum sé bætt, ef við á, en vísar ella máli frá, ef það uppfyllir ekki framangreind skilyrði.

#### 2. gr.

3. mgr. 14. gr. orðast svo:

Sérhvert þingmál skal vera til kynningar í opinni samráðsgátt á vef kirkjunnar í að minnsta kosti tvær vikur eftir að það hefur borist forseta. Forseti getur lengt þann frest teljist mál varða mikla hagsmuni, mál er flókið eða umfangsmikið. Í samráðsgáttinni skal gefinn kostur á framlagningu umsagnar sem sé að jafnaði birt. Við lok kynningar er flutningsmönnum heimilt að gera breytingar á þingmáli innan viku og senda forseta þá nýtt eintak. Heimilt er forsætisnefnd að samþykkja að birt séu í samráðsgátt áform um þingmál til kynningar samkvæmt framanskráðu. Þegar þingmál eru komin í endanlegt horf skulu þau svo skjótt sem auðið er birt öllum kirkjuþingsmönnum og þeim sem seturétt eiga á þinginu samkvæmt 1. mgr. 25. gr.

### 3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

#### Greinargerð.

Tillögu þessari að breyttum þingsköpum kirkjuþings er ætlað að stuðla að enn betri og vandaðri undirbúningi þingmála kirkjuþings. Lagt er til að skýrari ákvæði verði sett um skyldur forsætisnefndar til athugunar á framkomnum þingmálum áður en þau eru tekin inn á málaskrá þingsins. Þannig verði ávallt athugað sérstaklega hvort mál falli undir valdsvið kirkjuþings og því vísað frá ef svo er ekki. Þá er enn fremur lagt til að reglur verði gerðar skýrari hvað varðar það að áskilja að leiðir innan stjórnkerfis kirkjunnar séu farnar og úrlausna leitað þar, áður en mál fer fyrir kirkjuþing. Einkum gæti það átt við mál sem ættu að fara til biskups og/eða kirkjuráðs. Þá þykir rétt að forsætisnefnd meti hvort mál hafi fengið nægilega kynningu og samráð innan kirkjunnar. Er vonast til að með því að skerpa á reglum um frumathugun mála af hálfu forsætisnefndar megi draga úr málum sem fara inn á þingið og sem réttilega er vísað til þar til bærs kirkjulegs stjórnvalds.

Einnig þykir rétt að forsætisnefnd birti framkomin mál í samráðsgátt. Einnig geti nefndin samþykkt að þingmál, sem áformað er að leggja fram síðar, birtist í samráðsgátt til að fá fram skoðanir um málin. Er í þessum efnum litið til samráðsgáttar þeirrar sem ríkið hefur haft á vefnum island.is undanfarin ár.

Þegar mál hefur verið í samráðsgátt getur forsætisnefnd gefið kost á að breyta máli eða bæta úr annmörkum ef við á. Einnig getur forsætisnefnd vísað máli frá ef það uppfyllir ekki skilyrði þau sem greind eru í ákvæðunum.

Kostnaður við samráðsgátt:

Gert er ráð fyrir að forritun vefs kirkjunnar, til að koma á samráðsgátt áþekkri þeirri sem ríkið notar, kosti um kr. 500 þúsund.